

en þá mun Sveinn Erlendsson hreppstjóri hafa fengið fyrirmæli sýslumanns um að fjarlægja lás þennan, og gerði hann það. Skildi hreppstjóri eftir hliðið opið. Fauk það fyrir vindi, og mátti ég bæta úr þessu, svo að skaði hlytist ekki af vegna gripa minna.

Þar sem ég taldi þessar aðfarir sýslumanns og manna hans lögleysu, lokaði ég enn á ný hliðinu með lás og mótmælti því við sýslumann, að hann hefði nokkra heimild til að opna hliðið. Mun sýslumaður hafa við nánari athugun komið að þeirri niðurstöðu, að hér væri um einkamál að ræða, og skipti hann sér ekki af málinu frekar sem lögreglustjóri.“

Með vísan til framanritaðs verður eigi á það fallið, að dómari hafi haft þau afskipti af því deilumáli, sem hér er til úrlausnar, að ástæða sé til, að hann víki dómarasæti í málinu, og verður krafa umboðsmanns stefnanda því ekki tekin til greina.

Því úrskurðast:

Krafa umboðsmanns stefnanda um, að hinn reglulegi dómari víki sæti í máli þessu, verður eigi tekin til greina.

Miðvikudaginn 17. janúar 1962.

Nr. 70/1961. **Ákærvaldið** (Tómas Jónsson hrl.)

gegn

Garðari Söebeck Jónssyni.

(Áki Jakobsson hrl.).

Dóمندur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteinson, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor Ármann Snævarr.

Líkamsmeiðing.

Dómur Hæstaréttar.

Í ákæruskjali er atburður sá, sem mál þetta er af risið, ranglega talinn hafa gerzt hinn 14. febrúar 1960 í stað 1959, en eigi skiptir þetta máli um úrlausn sakarefnis, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 27/1951. Hér fyrir dómi hefur niðurstaða

héraðsdóms, að því er skaðabætur varðar, verið samþykkt af hendi ákærða.

Með þessum athugasemdum ber að staðfesta héraðsdóminn.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2000.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Garðar Söebeck Jónsson, greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Tómasar Jónssonar og Áka Jakobssonar, kr. 2000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 3. nóvember 1960.

Ár 1960, fimmtudaginn 3. nóvember, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ólafi Þorlákssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 7576/1960: Ákæruvaldið gegn Garðari Söebeck Jónssyni, er tekið var til dóms 28. október s.l.

Málið er með ákæruskjali dómsmálaráðherra, dagsettu 14. maí 1960, höfðað gegn ákærðum Garðari Söebeck Jónssyni, Hverfisgötu 34 í Reykjavík, fyrir líkamsárás skv. 217. gr. hegningarlaganna.

Ákærði er ákærður fyrir:

að ráðast á Sigurð Jónsson, Grenimel 5, á Kjörbarnum í Lækjargötu snemma morguns 14. febr. s.l. og slá Sigurð 3 högg í andlitið. Fékk Sigurður áverka af höggunum.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og til greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 10. september 1912 á Bíldudal.

Sakavottorð hans hljóðar svo:

1935 12/5 Sætt 25 kr. sekt fyrir ölvun og 14 kr. skaðabætur í sama máli.

- 12/8 Kærður af Freygarði Þorvaldssyni fyrir bifreiða-
árekstur. Lokið með skaðabótagreiðslu.
- 20/9 Aðvaraður fyrir akstur án afturljóss.
- 1936 10/2 Kærður af Kr. Friðrikssyni fyrir meint svik. Málið
féll niður, af því að kærandinn fékkst ekki til að
mæta og gefa skýrslu.
- 1937 30/3 Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun og ryskingar.
- 25/8 Sætt, 25 kr. sekt fyrir ölvun og ryskingar á alm. færi.
- 28/8 Kærður fyrir að aka bifreið á girðingu. Afgreitt til
hlutaðeigandi váttryggingarfélags. Ekki talin ástæða
til málssóknar.
- 7/11 Sætt, 50 kr. sekt fyrir ölvun og rúðubrot.
- 23/11 Aðvörun fyrir að hafa of marga farþega í bifreið.
- 2/12 Sætt, 20 kr. sekt fyrir of hraðan akstur.
- 1938 5/2 Kærður af Sveini Egilssyni fyrir meint svik. Sent
sýslumanni í Barðastrandarsýslu 28/10 til dómsálag-
ningar. Fellt niður, sbr. bréf Dómsmálaráðuneytisins
24/1 '39.
- 15/6 Kærður fyrir smáþjófnað. Látið falla niður, með
því þýfið var undir 30 kr. virði.
- 1940 26/10 Sátt, 25 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1941 27/12 Kærður fyrir ölvun á lokuðum dansleik. Fellt niður.
- 1938 8/9 Siglufjörður: 30 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1942 26/5 Kærður fyrir innbrot og skemmdarverk í sumar-
bústað. Afgreitt með skaðabótum. Að öðru leyti féll
málið niður, sbr. 257. gr. hegningarlaga, með því að
refsingar var ekki krafizt.
- 3/8 Kærður fyrir árás. Afgreitt með 125 kr. skaðabótum.
- 1943 28/4 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 29/10 Sátt: 300 kr. sekt og 500 kr. skaðabætur fyrir brot
á 3. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur og 18. gr.
áfengislaga.
- 1944 11/3 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1/12 Kærður fyrir ölvun í bifreið. Fellt niður.
- 1945 8/1 Kærður fyrir ölvun í bifreið. Fellt niður.
- 13/1 Sátt: 25 kr. sekt fyrir ölvun o. fl.
- 15/6 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1946 8/1 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 22/1 Sátt: 25 kr. sekt fyrir brot gegn lögreglusamþykkt
- 7/9 Sátt: 150 kr. sekt fyrir brot gegn 217. gr. hegningar-

- laga og 18. gr. áfengislaga, 100 kr. skaðabætur í sama máli.
- 1947 23/7 Sátt: 50 kr. sekt fyrir brot gegn 2. mgr. 5. gr. bifreiðalaga.
- 10/8 Sátt: 50 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.
- 1/12 Kærður fyrir ölvun á lokuðum dansleik. Fellt niður.
- 1948 15/5 Sátt: 150 kr. sekt fyrir ölvun o. fl.
- 1950 8/7 Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun á almannafæri.
- 1954 14/12 Rvík. Dómur: 2000 kr. sekt, sviptur ökuleyfi í 4 mánuði fyrir brot á 109. gr. hegningarlaga, 23. gr. bifreiðalaga, lögreglusamþykkt og umferðarlögum.
- 1955 20/4 Rvík. Áminning fyrir ölvun og ólæti.
- 1956 12/4 Rvík. Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1958 18/4 Rvík. Sátt: 50 kr. sekt fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
- 1959 6/1 Rvík. Kærður fyrir brot á 217. gr. hegningarlaga. Fellt niður samkvæmt bréfi dómsmálaráðuneytis 4/3 1959 (1167/59).

Hinn 14. febrúar 1959 kærði Sigurður Jónsson bifreiðarstjóri, Grenimel 5 hér í borg, til rannsóknarlögreglu yfir því, að ákærði hefði ölvaður þá um morguninn, klukkan um 06.30, að tilefnislausu slegið sig með krepptum hnefa þrjú högg, fyrst á vinstra gagnauga, þá á vinstra kjálkabarð og loks á munninn, þar sem hann var við matarkaup á Kjörbarnum við Lækjargötu í Reykjavík. Frásögn þessa staðfesti Sigurður fyrir dómi. Hann kvað högginn hafa verið þung og þegar tekið að blæða úr andliti hans. Engin orðaskipti hafi farið milli þeirra og hann ekkert viðnám veitt ákærða, er þegar hvarf á braut. Sigurður kvaðst hafa þekkt ákærða í yfir tuttugu ár og þeir ekið frá sömu bifreiðastöð, og neitaði að hafa gert nokkuð á hlut ákærða áður, sem réttlætt gæti slíka árás.

Ákærði hefur fyrir dómi skýrt svo frá, að hann hafi verið við vinneyzlu föstudagskvöldið 13. febrúar 1959 og aðfaranótt næsta laugardags. Hann kvaðst hafa gerzt ölvaður og óljóst mun að atvik síðari hluta næturinnar, en taldi þó, að hann hefði gengið til hvílu. Ekki sagðist ákærði minnst þess, að hann hefði komið í Kjörbarinn við Lækjargötu árla laugardagsmorgunins og þar veitt að Sigurði Jónssyni. Kvaðst hann stórlega efast um, að svo hefði getað verið. Ekki sagðist ákærði hafa borið kala til Sigurðar.

Þrjú vitni voru kvödd fyrir dóm, er öll voru algáð stödd á Kjörbarnum umrætt sinn. Staðhæfðu þau öll, að Sigurði hefðu verið veitt þrjú hnefahögg í andlitið algjörlega að ósekju og án þess að hann lyfti hendi til varnar. Unnu vitnin eiða að fram-
burðum sínum. Eitt vitnanna, Gunnar Bjarg Ólafsson bifreiðar-
stjóri, kvaðst hafa þekkt ákærða til margra ára, og fullyrti
vitnið, að það hefði verið ákærði í máli þessu, er sló Sigurð
Jónsson umrætt sinn.

Í læknisvottorði er áverkum Sigurðar Jónssonar lýst þannig,
en hann fór samstundis á Slysavarðstofu Reykjavíkur: „Á neðri
vör innanverðri er ca. 3 cm langur og nokkuð djúpur skurður.
Annar minni skurður (ca. $\frac{1}{2}$ cm) á höku, rétt neðan við neðri
vör. Örlítið glóðarauga (hæmatom) á efra augnloki v. auga,
og er hvítan (sclera) dálítið blóðhlaupin. Maðurinn kvartar um
verki í v. auga og dálitinn höfuðverk. Hann virðist alveg ódrukk-
inn og kemur sjálfur akandi í bifreið sinni.

Aðgerð: Skurður innan á neðri vör saumaður saman í stað-
deyfinu. Skyndiplástur á minni skurðinn á hökunni.“

Fullsannað er með vitnaframburðum þeim, sem raktir hafa
verið hér að framan og í samræmi eru við önnur gögn málsins,
að ákærði hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem réttilega er
lýst í ákæruskjali. Varðar brot hans við 217. gr. alm. hegningar-
laga nr. 19/1940, og þykir refsing hans eftir atvikum og með
sérstakri hliðsjón af sakarvottorði hans hæfilega ákveðin varð-
hald í 4 mánuði.

Sigurður Jónsson hefur gert eftirfarandi skaðabótakröfu á
hendur ákærða:

1. Atvinnutap í 6 daga á kr. 500.00	kr. 3.000.00
2. Læknishjálpi	— 100.00
3. Fataskemmdir	— 800.00
4. Miskabætur	— 4.000.00

Samtals kr. 7.900.00

Gegn mótmælum ákærða er ekki auðið að taka til greina bætur
samkvæmt tölulíðum 1—3, að öðru leyti en með kr. 10.00 sam-
kvæmt 2. lið, sem er hluti Sigurðar af lækniskostnaði og reikn-
ingur er lagður fram fyrir, enda hefur Sigurður Jónsson á engan
hátt rökstutt kröfurnar, þótt honum hafi ítrekað verið gefinn þess
kostur. Bætur samkvæmt 4. lið eru hæfilega ákveðnar kr. 4000.00.

Ákærði greiði allan kostnað af málinu og þar með talin máls-

varnarlaun hins skipaða verjanda, hr. hdl. Kristjáns Eiríkssonar, kr. 1000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Garðar Söebeck Jónsson, sæti varðhaldi 4 mánuði.

Ákærði greiði Sigurði Jónssyni, Grenimel 5, kr. 4010.00 í skaðabætur.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, hr. hdl. Kristjáns Eiríkssonar, kr. 1000.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. janúar 1962.

Nr. 24/1959. Leifur Kristleifsson (Áki Jakobsson hrl.)
 gegn
Bæjarútgerð Reykjavíkur
 (Benedikt Sigurjónsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Gizur Bergsteins-
 son, Lárus Jóhannesson og Þórður Eyjólfsson og prófessor
 Ármann Snævarr.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. febrúar 1959. Hann krefst þess, að stefnda verði dæmt að greiða honum kr. 126.000.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 1. júlí 1956 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar hér fyrir dómi úr hendi áfrýjanda.

Slysi því, sem mál þetta er af risið, var eigi svo háttáð, að það verði rakið til vanbúnaðar skips, handvamar skipverja eða annarrar áhættu, er stefndi ber ábyrgð á. Sam-